



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Tungumál eru lykill að heiminum

Hvernig smíðum við þennan lykil?



Við smíðum lykilinn ...

- Með því að hefja tungumálanám mun fyrr og við fögnum tillögum um að hefja enskunám strax í 4. bekk og bjóða skólum að skapa sér sérstöðu með því að bjóða upp á ensku strax í fyrsta bekk.
- Námskráin kveður á um lágmark en til allrar hamingju setur hún ekki hámarksskorður! Gleymum því ekki að námsskráin skapar skólum svigrúm til þess að vera gerendur og keppa um að fá til sín börn. Nú geta allir valið hvert þeir senda börnin sín í skóla og skólar fá kærkomið tækifæri til að skapa sér sérstöðu.

Best er að eiga lykklasafn ...

- og þess vegna geta grunnskólar landsins hafið dönskukennslu strax í fimmta bekk.
- Eftir því sem nemendur tungumála eru yngri eru meiri líkur á árangri en jafnframt krefst slík kennsla meira af kennaranum. Hann verður að hafa sérstakt menningarlæsi á það menningarsvæði sem hann kynnir því tungumál verður aldrei skilið frá þeirri menningu sem það sprettur upp úr. Tungumálakennsla barna krefst þekkingar á barnamenningu viðkomandi lands.

Og góða lyklakippu ...

- Ef skólar fá frelsi til að gera meira, þarf í auknum mæli að fá tungumálakennara með B.A. gráðu og mastersgráðu inn í grunnskólana því fagþekking er lykilatriði.
- Jafnframt þarf að tryggja að námið verði mælanlegt og markmiðssækið þannig að þegar börn fara á milli skólastiga fái þau kennsluþefni við hæfi.

Kennarar eru lykilfólk ...

- Kennarar með fagþekkingu eru lykilfólk ef máltileinkun á að vera markviss. Telja skýrsluhöfundar mikilvægt að flytja sem minnst yfir til grunnskólans á meðan ekki er nægur mannaflí þar með tilskylda fagþekkingu.
- Ef það reynist nauðsynlegt væri ráðlegt að takmarka einingafjöldann við 1-2 einingar.

Aðallyklasmiðirnir eru hins vegar foreldrar

- Það er sama hvað skólakerfið býður börnunum okkar upp á, áhrifamesta mótun einstaklinga á sér ávallt stað inni á heimilinu.
- Foreldrar verða að taka afstöðu til þess hvaða tungumál þeim þykir mikilvægt að börnin þeirra nemi og skapa þeim aðstöðu til að ljúka máltileinkun í erlendum málum.

Þörf Íslendinga fyrir tungumálakunnáttu ...

- hefur aldrei verið meiri.
- Öll svið vísinda þurfa á tungumálakunnáttu að halda.
- Félagsvísindi, raunvísindi og hugvísindi eru öll í jafnmiklum tengslum við umheiminn. Þannig er varhugavert að skerða kennslu í þriðja máli meira á náttúrfræði- og félagsfræðibraut en á öðrum brautum.

- kalla á kunnáttu í fleiri málum en ensku.
- Tungumálakunnáttu fylgir menningarläsi og þar af leiðandi hæfni í samskiptum.
- Sá sem nær árangri í samskiptum við þjóðir nær árangri í viðskiptum.
- Það þarf tungumálakunnáttu til að selja og ekki síður til að gera góð kaup.
- Ekkert svið atvinnulífsins er undanskilið alþjóðavæðingu og þannig ætti engin námsbraut að vera undanskilin þeim metnaði að leggja mikið upp úr þriðja máli

Íslendingar verða að ljúka máltileinkun í þremur tungumálum

- Spænska, franska og þýska eru sérlega mikilvæg tungumál því spænskumælandi, frönskumælandi og þýskumælandi búa ekki að almennri góðri þekkingu í ensku.
- Sífelld fleiri fyrirtæki fara fram á að þeir sem sækja um vinnu, sanni kunnáttu sína í tungumálum.
- Tungumálakunnátta er virðisauki á alla menntun!
- Tungumálanám tekur ekki endilega frá öðrum námsgreinum því vel er hugsandi að bjóða nemendum á framhaldsskóla og háskólastigi upp á svokallað innihaldsmiðað tungumálanám en þá læra nemendur námsgrein á erlendu tungumáli. Þannig gefst fleirum tækifæri á að ljúka máltileinkun í erlendum málum.

Og loks um lyklastíði

- Lyklar sem ekki er lokið við að smíða – ganga ekki að neinum dyrum.
- Því verða öll skólastig að byggja á mælanlegum viðmiðum í máltileinkun tungumála þannig að skólastigin vinni saman og eðlileg samfella myndist.
- Þannig á háskólastigið að geta boðið upp á innihaldsmiðað tungumálanám og skilað af sér lykllum úr skíragulli.